



Waldorfskólinn Sólstafir

Matsskýrsla

skólaárið 2017-2018

Niðurstöður úr sjálfsmati skólaárið 2017-2018

Inngangur.

Waldorfskólinn Sólstafir starfar í Sóltúni 6 og er sjálfstætt rekinn almennur grunnskóli.

Nemendafjöldi skólans eru 72 nemendur árið 2017-2018.

Matsskýrslan inniheldur yfirlit yfir ramma sjálfsmats, yfirlit mats frá 2016-17 auk niðurstöðu matsvinnu og kannana síðasta skólaárs. Að auki er farið yfir umbótaþætti og áætlun fyrir næsta skólaár, þróunarverkefni og símenntun.

Forsenda raunhæfs sjálfsmats er góð og ýtarleg skólanámsskrá og hefur ritun hennar verið þróunarverkefni skólans undanfarin ár.

Markmið og stefna skólans.

Waldorfskólinn Sólstafir er sjálfstætt rekinn grunnskóli sem hefur starfað í Reykjavík frá árinu 2000. Skólinn er sjálfseignarstofnun. Skólinn starfar eftir kennslu og uppeldisfræði Rudolfs Steiner og eru markmið hennar í stuttu máli:

- Að veita nemendum sínum góða menntun.
- Að hlúa að heilbrigðum þroska í hverju barni.
- Að gera hverju barni kleift að nýta hæfileika sína.
- Að hjálpa nemendum að þróa þá færni sem þau þurfa til að leggja sitt af mörkum í samfélaginu.
- Að gera foreldrum mögulegt að velja skóla og uppeldisstefnu í samhljómi við eigin lífssýn.

- Að gera kennurum og starfsfólki kleift að starfa í menntastofnun þar sem lífsgildi þeirra samræmast gildum stofnunarinnar.

Waldorfskólar reyna að gefa nemendum sínum svigrúm til að skynja og reyna nýja hluti, bregðast við þeim, líkja eftir og skapa nýtt. Kennslufræði Steiners gengur út frá því að hugmyndaflug og sköpunargleði séu nauðsynleg til þess að hægt sé að tileinka sér nýja þekkingu og færni.

Einnig að menntastofnanir séu í kjöraðstöðu til að ýta ríkjandi hagnaðar- og afkastasjónarmiðum samfélagsins til hliðar og skapa rými fyrir annarskonar gildi sem gefa lífinu innihald.

Kennarar og starfsfólk skólans skólaárið 2017-2018.

* **Snorri Traustason** Skólastjórn/umsýsla

Waldorfkennari.

Diplóma í mennta og menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst.

.

* **Helga Óskarsdóttir** Skólastjórn/ Deildarstjóri sérkennslu /handverk/.

MA. í Waldorf uppeldis og kennslufræði.

Listmeðferðarfræði frá Tobias school of Art.

* **Sigurbjörg Agnes Eiðsdóttir** Skólastjórn/ Umsjónarkennari miðstig / íslenska

Grunnskólakennari

* **Sigurður Örn Leósson** Umsjónarkennari unglíngastígg/raungreinar/enska
Grunnskólakennari.

* **Hildur Margrétardóttir** Bekkjarkennari/ handverk
Grunnskólakennari// MFA myndlist LHÍ/Waldorfkennaranemi

* **Ása Hlín Svavarsdóttir** Umsjónarkennari yngsta stígg/ leiklist
Grunnskólakennari.

* **Álfheiður Þórhallsdóttir** Fagkennari/ Danska/Lífsleikni/Handverk.
Grunnskólakennari

***Vigdís Gígja Ingimundardóttir** Bekkjarkennari/tónlist/handverkskennsla
BA listfræði frá Háskóla Íslands/Kennsluréttindanámg LHÍ./Waldorfkennaranemi

***Aðalheiður J. Ólafsdóttir** Hrynlistakennari/Sérkennsla
Meistaragráða í Eurytmi Therapy.

* **Mads Holm** matráður skólans.

Nemendur.

Skipt var í bekkjardeildir sem hér segir:

- * 1-2. bekkur 17 nemendur, bekkjarkennari: Ása Hlín Svavarsdóttir.
- * 3-4. bekkur 17 nemendur, bekkjarkennari: Vigdís G. Ingimundardóttir.
- * 5-6. bekkur 18 nemendur, bekkjarkennari: Hildur Margrétardóttir
- * 7-8. bekkur 14 nemendur, umsjónarkennari: Sigurbjörg A. Eiðsdóttir
- * 9-10. bekkur 6 nemendur, umsjónarkennari: Sigurður Ö. Leósson.

Námsmat.

Waldorfskólinn leggur áherslu á fjölbreyttar námsmatsaðferðir og er símat á framförum og hæfni nemenda aðal mælikvarði námsmats í skólanum. Kennarar meta vinnu nemenda í kennslustundum og eftir hverja námstörn. Þar er lagt til grundvallar m.a. framfarir, hæfni, skapandi hugsun, ástundun, áhugi, almenn færni og vinnubrögð, félagsfærni og skólasókn. Ekki eru lögð fyrir hefðbundin próf í skólanum. Verið er að innleiða jafningjamat og leiðsagnarmat á efsta stigi skólans.

Samræmd próf eru lögð fyrir í 4,7 og 9. bekk skólans. Nemendum og foreldrum eru kynntar niðurstöður úr þeim og unnið er úr niðurstöðum þeirra.

Nemendur fá skriflega vitnisburði í lok skólaárs. Nemendur 10. bekkjar fá lokamat og vitnisburð frá skólanum í samræmi við reglugerð um brautskráningu nemenda úr grunnskóla.

Foreldrum býðst foreldraviðtal í lok hverrar annar. Þar er farið ytarlega yfir námsframvindu nemandans ásamt bekkjarkennara, auk þess sem þeir hafa tækifæri til þess að skoða vinnubækur og önnur gögn. Nemendum býðst að vera með með í viðtalinu frá 7- 10. bekk. Nemendum unglíngastígs er boðið upp á nemendaviðtöl og ráðgjöf eftir þörfum til að fara yfir stöðu sína og framfarir og setja sér markmið.

Rammi sjálfsmats.

Skólinn hefur unnið að sjálfsmati undanfarin ár eftir samsettu og aðlöguðu kerfi. Rammi þess hefur verið, að styðjast við ýmis matstæki eins og SWOT (strengths, weaknesses, opportunities, threats)-greiningu á stöðu, Þjónustuhringur-heildstætt mat á starfsemi og PIMP(Potential improvement points).

Sú vinna hefur nýst vel til að fá fram styrk og veikleikagreiningu, skoða dreifð vinnunnar á hópa, meta árangur og gera umbótaáætlanir.

Heildstætt mat fór fram á öllum þörfum skólans skólaárið 2006-7 í tengslum við þróunarvinnu vegna fyrirhugaðrar byggingar nýs skólahúsnæðis og hafa niðurstöður þeirrar vinnu verið nýttar undanfarin ár í sjálfsmatsvinnu skólans. Við þá vinnu var m.a. notuð aðferð sem nefnist "The design down process", en hún var þróuð í Bandaríkjunum um 1990 og var fyrst kynnt hér á landi af Gerði Óskarsdóttur árið 2000.

Ekki hafa verið þörf á að gera margar formlegar kannanir meðal nemenda og foreldra þar sem skólasamfélagið er lítið og greining á þörfum þeirra og óskum fer stöðugt fram með lifandi samræðum við einstaka nemendur, bekkjarhópa og foreldra, þar sem tekið er tillit til þeirra. Áætlað er að gera formlegar kannanir á viðhorfum foreldra annað til þriðja hvert ár og það sett inn í sjálfsmatsvinnu skólans. Gerð var könnun á viðhorfum foreldra til ýmissa þátta í skólastarfinu á síðasta skólaári, 2016-2017.

Foreldrafélags skólans er virkt og hefur unnið að ýmsum málefnum á skólaárinu til að styrkja skólastarfið sérstaklega í sambandi við hefðbundnar hátíðir skólans og vinnudaga foreldra.

Kennarateymi skólans hittist vikulega á kennarafundi allt skólaárið og nýtast þeir einnig sem tæki til sjálfsmats, þar sem m.a. er unnið með námsframvindu einstakra nemenda, þarfagreiningar, áætlanir, gæði skólastarfsins og mat á því, samskipti við ytri aðila og praktísk málefni skólans. Starfsdagar kennara nýtast einnig að hluta í sjálfsmatsvinnu og áætlanagerð.

Í Waldorfskólanum er unnið með valddreifð eða flata stjórnun, þar sem allir kennarar og starfsmenn taka ábyrgð og koma að ákvarðanatöku innan skólans í sameiningu. Kennarar eru leiðandi í starfinu. Leiðtogi starfsins er skólastefnan sjálf.

Sjálfsmatsáætlun skólans frá fyrra ári.

Skólaárið 2016-2017.

- * Jafningjamat kennara og vinna með námsmatsviðmið til að auka gæði kennslunnar og námsins.
- * Ljúka fleiri námsgreinum í skólanámsskrá.
- * Vinna að samþættingu í námi.
- * Samstarf heimilis og skóla styrkt.

Mikilvæg markmið sem gott væri að vinna að á næsta skólaári:

*Styrkja skólamenningu unglingshóps og virkja nemendafélag betur.

*Ýta undir bætt vinnubrögð varðandi umgengni, nýtingu og sjálfbærni í skólastarfinu.

*Leggja sérstaka áherslu á stuðning við tvítyngda nemendur skólans.

*Útfæra og þróa valgreinar hjá elsta stigi skólans.

Sjálfsmatsvinna og niðurstöður skólaársins 2016-2017

Skólaárið 2016-2017

Vinna að sjálfsmati og niðurstöður.

Á síðasta skólaári var farið í stefnumótunargreiningu í janúar og síðan unnið úr niðurstöðum á starfsdögum í júní. Í janúar var skólastarfið greint skv. SWOT-greiningarkerfinu og voru niðurstöður hennar í grófum dráttum sem hér segir:

Styrkleikar skólans samkvæmt greiningunni voru m.a:

- * Framsækin skólastefna sem byggir á miklum reynslubanka og sterkri heildrænni sýn á nemandann.
- * Góður skólabragur og góður vinnuandi í skólanum.
- * Ný skólabýgging og betra rými fyrir fleiri nemendur næsta vetur.
- * Ný leikskóladeild og tenging við hana.
- * Skólastefna sem rímar við þá þróun sem er að verða í skólamálum.

Veikleikar og ögranir skólans samkvæmt greiningunni voru m.a:

- * Starfsþekkingu ekki deilt nóg á milli kennara og til nýrra kennara.
- * Aðstaða almennt léleg í eldri byggingum, gömul rými og löskuð.
- * Mikið vinnuálag
- * Aðstaða til sérkennslu léleg.

*Lítill sýnileiki skólans og skólastefnunnar.

*Erfitt að fá nýja kennara með þekkingu á skólastefnunni til starfa.

Tækifæri sem voru til staðar í starfi skólans skv. greiningu voru m.a:

*Þróunarstarf í samstarfi/sameiningu skólastiga þar sem leikskólastarf er að hefjast í Sóltúni.

*Tækifæri til samþættingar í skólastarfinu og skapandi kennsluhátta/samvinnu kennara.

*Mikil uppbygging í nærliggjandi hverfum skólans á næstu árum.

*Tækifæri til meiri sýnileika skólans þar sem nýir straumar eru áberandi í skólastarfi almennt.

*Tækifæri til að kynna stefnu skólans sérstaklega á 100 ára afmæli skólastefnunnar árið 2019.

Unnið var áfram með heildarsýn skólans og skólaþróun næstu 5 ára sem útgangspunkt greiningar.

Niðurstöður greiningar þessa skólaárs gefa til kynna að skólinn er að styrkja sig á margvíslegan hátt, bæði í innra starfi sínu og hið ytra.

Nemendum hefur fjölgað og skólabragur er undantekningarlítið góður. Einelti og annað ofbeldi hefur ekki komið fram sem neinu nemi á skólaárinu og má þakka það góðum tengslum kennara við nemendur og góðri eftirfylgni í þeim tilfellum þar sem ósætti kemur upp. Unnin var ný áætlun gegn einelti í skólanum á þessu skólaári og hún kynnt fyrir nemendum og foreldrum.

Kennarar skólans finna fyrir meðbyr með skólastefnunni á margvíslegan hátt. Yngri foreldrar eru margir að sækja í skólastefnu sem hefur skapandi kennsluhætti og vistvernd að leiðarljósi og mikill áhugi er á eldhúsi skólans sem er eina grænmetiseldhús í grunnskóla í Reykjavík þar sem eldað er á staðnum og boðið upp á vegan valkost fyrir nemendur og starfsfólk. Einnig er hráefnið í matargerð lífrænt eins og kostur er og allt brauð bakað á staðnum.

Skólastefnan stendur ennfremur sterk gagnvart nýrri menntastefnu og eru grunnþættir hennar að tengjast vel í inn í námsvísi Waldorfstefnunnar.

Mikil bragarbót er að nýbyggingu skólans sem lokið var við í sumarbyrjun og mun hýsa yngri deild grunnskólans nú í haust og tvær leikskóladeildir Waldorfleikskólans á Grundarstíg sem flytur sig um set í haust. Mun rýmkast verulega um starfsemi grunnskólans við þetta og losna vinnurými, m.a. fyrir kennara og sérkennslu. Einnig mun ekki þurfa að nýta matsal skólans sem kennslurými eins og þurfti á yfirstandandi skólaári.

Leikskóladeildin er spennandi viðbót við skólaflóruna í Sóltúni og mun hefjast þróunarvinna í sambandi við að tengja saman skólastig og undirbúa jarðveginn fyrir samrekstur leik- og grunnskóla.

Tækifæri eru mörg í framtíðarsýn skólans og má þar nefna frekari samþættingu námsgreina og samvinnu við/þátttöku í ýmsum menningaratburðum í Reykjavík. Ákveðið verkefni í samþættingu var tekið fyrir á miðstigi og markmið og niðurstöður settar fram í greinagerð. Var það álit kennara sem tóku þátt í verkefninu að þetta hefði tekist vel og að auka mætti samþættingu á þennan máta til muna þó svo að skólastefnan og áherslur hennar gæfu þegar svipaðar línur varðandi samþættingu námsgreina innan aldurshópa.

Ýmist tækifæri eru í að nemendur fari áfram út í nærumhverfi skólans og myndi tengingar og að eldri nemendur skoði atvinnulífið og fái innsýn í það verk og bóknám sem þeim býðst á næsta skólastigi.

Sjálfbærni er skólanum hugleikin og er það eitt af verkefnum næstu ára að stuðla að því að nemendur vinni ýmis verkefni tengd þessum grunnþætti menntunar og geri sér grein fyrir því á sem breiðustum grundvelli og jafnframt tengdu skólastefnunni.

Árið 2019 verður Waldorfstefnan 100 ára og mun skólasamfélagið hefjast handa á næsta skólaári við að undirbúa hátíðahöld og kynningu á skólastefnunni í borginni skólaárið 2018-2019.

Á næsta skólaári mun einnig hefjast undirbúningsvinna fyrir næsta áfanga byggingar skólans í Sóltúni og er það undirbúningur kennara og starfsfólks ásamt arkitektum við að hanna innri rými þeirrar byggingar. Er áætlað að sú bygging verði komin í notkun innan næstu fimm ára.

Veikleikar skólans á næstu árum eru meðal annars erfiðleikar við að fá kennara til starfa með grunnmenntun auk waldorfkennaramenntunar, en ekki er um auðugan garð að gresja í þeim efnum.

Skólinn býr að vel menntuðum kennurum í dag með mikla starfsreynslu en huga þarf að þessum veikleikum til framtíðar og finna leið til að sækja það að waldorfkennaranámið, sem er fimm ára háskólanám á meistarastigi, verði metið sem slíkt af menntayfirvöldum. Skólinn er með þá stefnu í dag að ráða kennara með leyfisbréf og bjóða þeim að mennta sig sem waldorfkennara í fjarnámi að auki. Tveir af kennurum skólans í dag hafa farið þá leið.

Skólinn á einnig á hættu að einangrast faglega og er mikilvægt að taka þátt í ráðstefnum og þeirri skólaumræðu og þróun sem er í gangi í dag hér á landi og að rödd skólans heyrist í því samhengi.

Einnig þarf að finna leiðir til að sækja/skrá þá þekkingu sem er til staðar hjá reynslumestu kennurum skólans svo sú þekking nýtist skólanum og skólastarfi waldorfstefnunnar almennt inn í framtíðina.

Stefnumið að lokinni sjálfsmatsvinnu 2016-2017 voru áfram þau sömu:

***Við viljum framsækinn Waldorfskóla í stöðugri þróun.**

***Við viljum metnaðarfullt og skapandi starf innan skólasamfélagsins.**

***Við viljum umhyggju og virðingu í öllu starfi skólans.**

***Við viljum gott samstarf og tengslamyndun við nýja leikskóladeild í Sóltúni.**

***Við viljum gott samstarf við grenndarsamfélag okkar.**

Þessum stefnumiðum hefur verið fylgt vel eftir og er unnið að þeim áfram.

Mælanleg markmið sem ákveðið var að raunhæft væri að vinna með áfram í umbótaáætlun fyrir 2017-2018 voru:

- * Jafningjamat kennara og vinna með námsmatsviðmið til að auka gæði kennslunnar og námsins.
- * Ljúka fleiri námsgreinum í skólanámsskrá.
- * Vinna að samþættingu í námi.
- * Samstarf heimilis og skóla styrkt.

Mikilvæg markmið sem gott væri að vinna að á næstu tveimur skólaárum:

- *Styrkja skólamenningu unglingshóps og virkja nemendafélag betur.
- *Ýta undir bætt vinnubrögð varðandi umgengni, nýtingu og sjálfbærni í skólastarfinu.
- *Leggja sérstaka áherslu á stuðning við tvítyngda nemendur skólans.
- *Útfæra og þróa valgreinar hjá elsta stigi skólans.

Engar kannanir voru lagðar fyrir á skólaárinu en áætlað er að leggja kannanir fyrir á næsta skólaári og er það inni í umbótaáætlun skólans.

Sjálfsmatsvinna og niðurstöður skólaársins 2017-2018

Umbótaáætlun fyrra árs.

Í umbótaáætlun skólans fyrir þetta skólaár var unnið með fimm markmið.

1. Bætt gæði kennslu. Að námsmatsaðferðir skólans væru uppfærðar.

Mælikvarði á árangur væri að matsaðferðir væru skilgreindar betur og auðveldara fyrir kennara að tileinka sér þær. Að hæfniviðmið fyrir námsgreinar séu skilgreind og uppfærð.

Þetta markmið er afar viðamikilið og tekur til nokkurra ára. Verið er að vinna að greinasviði skólans og er þetta hluti af þeirri vinnu. Þessari vinnu miðar hægt en er þó í stöðugu ferli og umræðu.

2. Samstarf milli skólastiga/þróunarvinna.

Mælikvarði á árangur væri að komin væri vinnuáætlun og nokkur yfirmarkmið varðandi samstarf leik- og grunnskólastigs í Sóltúni.

Þetta markmið er hluti af þróunarvinnu og var unnið að því á starfsdegi og nokkrum fundum og einum samráðsfundi með öllu starfsfólki beggja skólastiga í janúar. Þessi vinna er á byrjunarreit og er það ábyrgð stjórnenda að unnið sé jafnt og þétt að því að samræma þessa vinnu og setja í form. Allt starfsfólk beggja skólastiga kemur að þeirri vinnu.

3. Sveigjanlegar kennsluaðferðir og samþætting aukin. Valgreinar hjá elsta stigi útfærðar frekar.

Mælikvarði á árangur væri að hugmyndavinna væri skrásett v. samþættingar á miðstigi og fleiri valgreinar væru í boði fyrir elsta stig á yfirstandandi skólaári.

Umsjónarkennarar hafa unnið því að skrá þessa vinnu sína og munu halda því áfram til að þróa frekari samþættingu námsgreina. Elsta stig skólans hefur fleiri valgreinar á vorönn (2) en verið hefur auk fjölbreytts handverks á haustönn.

4. Efling tvítyngdra nemenda og fjölmenningu hampað í skólastarfinu.

Mælikvarði á árangur væri að íslenskukennsla tvítyngdra nemenda sé skoðuð og endurmetin og að samhyggð og fjölmenningarvitund hafi aukist í skólastarfinu.

Samhliða því að skipulag sérkennslu var tekið til endurskoðunar var kennsla tvítyngdra nemenda endurskoðuð og bætt. Sérkennari sótti réttindi til að leggja fyrir matstæki sem notuð eru fyrir tvítyngda nemendur og endurskoðað var hverjir þyrftu mest á kennslunni að

halda. Sérkennari hélt utan um þá vinnu og skipulagningu en umsjónarkennarar komu að vinnunni og voru leiðbeinandi fyrir hönd sinna nemenda. Umsjónarkennarar útfærðu hvernig þeir vildu ýta undir fjölmenningsarvitund í sínum hópum. Rætt var um að búa til sameiginlega hátíð innan skólans þar sem hvert þjóðerni kæmi með innlegg eins og mat eða söng/tónlist og foreldrum væri boðið að vera með.

5. Sérkennsluúrræði skólans endurskoðuð og bætt.

Mælikvarði á árangur væri að skipulag sérkennslu við skólann væri betra og aðstaða til kennslunnar væri bætt frá fyrra ári.

Aðstaða til sérkennslu var tekin til gagnarrar endurskoðunar og var bætt við nýju sérkennsluherbergi í skólanum. Tímum var fjölgað fyrir sérkennslu og tvítýngda nemendur á skólaárinu og fyrirkomulag sérkennslu endurmetið.

Vinna að sjálfsmati og niðurstöður.

Á þessu skólaári var farið í stefnumótunargreiningu í janúar og síðan unnið úr niðurstöðum á starfsdegi í apríl og á starfsdögum í júní. Í janúar var skólastarfið greint skv. SWOT-greiningarkerfinu og voru niðurstöður hennar í grófum dráttum sem hér segir:

Ytri styrkleikar skólans samkvæmt greiningunni voru m.a:

- * Hugmyndafræði sem samtíminn er að kalla á í menntamálum
- * Staðsetning skólans
- * Nýbygging/ meiri sýnileiki
- * Leikskóli og grunnskóli á sama stað
- * Frábært starfsfólk og metnaður í starfi

Ytri veikleikar og ögranir skólans skv. greiningunni voru m.a.:

- Fagstofur/vinnurými vantar
- Tækjakostur er ekki nægur s.s. tölvubúnaður og annar búnaður
- Nemendafjöldi/ aðsókn gæti vaxið hraðar en húsnæði skólans á næstu árum
- Vantar sárlega fleiri kennara með sérmenntun í Waldorfskólastefnunni
- Þekkingarleysi menntayfirvalda á skólanum, stefnu hans og áherslum

Tækifæri sem voru til staðar í ytra starfi skólans skv. greiningu voru m.a:

- + Vaxtamöguleikar vegna nýrra skólabygginga miklir
- + Samfélagsmiðlar góð kynning og tengslamyndun
- + Leikskólinn í Sóltúni og þróunarstarf skólanna

- + Samvinna skólans við listamenn, innlenda og erlenda
- + Árangur skólans og viðurkenningar góð kynning á starfinu

Unnið var áfram með heildarsýn skólans og skólaþróun næstu 5 ára sem útgangspunkt greiningar.

Innri styrkleikar skólans skv. greiningunni voru m.a. þessir:

- Vel útfært einstaklingsmiðað nám
- Lotukennslan
- Vel menntaðir og reynslumiklir kennarar
- Góð þekking á skólastefnunni innanhúss
- Þverfagleg kennsla og samþætting í námi
- Góður skólaandi og umhyggjusamir kennarar
- Aukinn nemendafjöldi og áhugi á skólanum
- Nemendur leikskóla eiga beina leið inn í grunnskólann á sama stað
- Sérkennsla hefur aukist
- Rafrænt áreiti er lítið í skólastarfinu
- Fagurfræði og skapandi kennsluhættir mikill styrkur

Veikleikar og ógnanir í skólastarfinu voru m.a. talin vera eftirfarandi:

- Boðskipti og upplýsingastreymi ekki nógu skilvirkt
- Þyngra að hefja leikskólastarfið í Sóltúni en búist var við
- Enn er aðstöðuleysi verkgreina erfitt
- Starfslýsingar og innleiðing nýrra starfsmanna er ekki nógu skilvirk
- Greinasviði skólanámskrár ólokið

Tækifæri sem greind voru í innra skólastarfinu á síðasta skólaári voru mörg og þar var meðal annars bent á þessi:

- Stærri nemendahópar
- Undirbúningur næsta byggingaráfanga
- Kennsla og nám sem kemur inn í skólastarfið gegnum viðburði eins og Iceland Airwaves og erlenda skólahópa og þátttöku í ýmsum verkefnum
- Gestakennarar og kennaranemar sem koma með nýja strauma inn í skólastarfið
- Unnið þvert á aldur í námsgreinum eins og list og handverkskennslu
- Þróa hátíðir með leikskólastiginu
- Sterkara foreldrastarf

Niðurstöður greininga skólaársins gefa til kynna að skólinn er að stíga inn í nýtt tímabil, með auknum nemendafjölda og aðsókn og áhuga á skólanum og skólastefnunni.

Skólabragur er með eindæmum góður og góð tengsl milli nemenda áberandi, svo og milli nemenda og kennara. Unnið er samkvæmt ferlum ef upp koma erfiðleikar og bjargir eru auðsóttari og ferlar skýrari.

Skólinn er að styrkja sig á margvíslegan hátt, bæði í innra starfinu og út á við og verða sýnilegri.

Mikill styrkur er að hafa hafið starf leikskóladeildar í Sóltúni og þrátt fyrir ýmsa byrjunarörðugleika er það augljóslega meðbyr og nýr foreldrahópur yngri barna sem nú fylgist með og tekur þátt í skólastarfinu. Undirbúningsvinna fyrir samrekstur hefur ekki gengið eins hratt og vonast var til en er þó í góðu og stöðugu ferli.

Yngsta stig grunnskólans hóf nám í nýjum kennslustofum nýbyggingar og hafa verið afskaplega ánægð með húsnæðið í vetur og er rýmið vistlegt og hljóðvist sérlega góð og öll umgjörð hentar starfinu vel að sögn kennara. Þó eru nokkur atriði sem hefur þurft að athuga og þá sérstaklega vegna sameiginlegra rýma og innganga. Jafnframt fengu kennarar nýtt og stærra vinnurými sem ekki var vanþörf á.

Undirbúningsvinna fyrir innri rými næstu skólabyggingar er hafin og er stefnt að því að byrja á framkvæmdum strax á næsta skólaári. Ekki er seinna vænna því að biðlistar eru að myndast í nokkrum bekkjum og allt kennslurými er fullnýtt eins og er.

Skólinn hlaut viðurkenningu skóla og frístundaráðs fyrir þátttökuna í Iceland Airwaves og var það óvænt og skemmtilegt og lyftistöng fyrir skólasamfélagið.

Undirbúningur fyrir afmælisár skólans er hafið og hefur verið ákveðið að skólinn standi að stórrí leiksýningu sem allir bekkir komi að. Áætlað er að sýna hana á Barnamenningarhátíð að ári.

Veikleikar skólans eru sem fyrr meðal annars erfiðleikar við að fá kennara til starfa með grunnenntun auk waldorfkennaramenntunar, en ekki er um auðugan garð að gresja í þeim efnum.

Skólinn býr að vel menntuðum kennurum í dag með mikla starfsreynslu en huga þarf að þessum veikleikum til framtíðar og finna leið til að sækja það að waldorfkennaranámið, sem er fimm ára háskólanám á meistarastigi, verði metið sem slíkt af menntayfirvöldum. Skólinn er með þá stefnu í dag að ráða kennara með leyfisbréf og bjóða þeim að mennta sig sem waldorfkennara í fjarnámi að auki. Tveir af kennurum skólans í dag hafa farið þá leið.

Skólinn á einnig á hættu að einangrast faglega og er mikilvægt að taka þátt í ráðstefnum og þeirri skólaumræðu og þróun sem er í gangi í dag hér á landi og að rödd skólans heyrir í því samhengi.

Einnig þarf að finna leiðir til að sækja/skrá þá faglegu þekkingu sem er til staðar hjá reynslumestu kennurum skólans svo sú þekking nýtist skólanum í þróunarstarfi og starfi waldorfstefnunnar á Íslandi inn í framtíðina.

Stefnumið að lokinni sjálfsmatsvinnu 2016-2017 eru eftirfarandi:

Við viljum framsækinn Waldorfskóla frá leikskólastigi að lokum grunnskóla.

Við viljum metnaðarfullt, lifandi og skapandi starf innan skólasamfélagsins.

Við viljum umhyggju, kærleika og virðingu í öllu skólastarfinu.

Við viljum gott samstarf og þróunarstarf með leikskóladeild í Sóltúni.

Við viljum gott samstarf við grenndarsamfélag okkar og sveitafélag.

Þessi stefnumið eru stefnumið skólans til næstu þriggja ára.

Mælanleg markmið sem ákveðið var að raunhæft væri að vinna með áfram í umbótaáætlun fyrir 2018-2019 voru:

- **Bætt gæði kennslu. Matsaðferðir samræmdar og hæfniviðmið námsgreina séu skoðuð í tengslum við skólastefnuna á öllum stigum skólans.**
Mælikvarði á árangur er að hæfniviðmið fyrir sem flestar námsgreinar í 4,7,9.bekk hafi verið samræmdar í skólanámskrá .
- **Að þróunarstarf milli leikskóla og grunnskólastigs sé útfært nánar.**
Að samvinna leik og grunnskóla yfir skólaárið sé útfærð með hrynjanda Waldorfstefnunnar í huga og hefðir og sameiginleg viðmið skráð.
- **Að efla tvítyngda nemendur og hampa fjölmenningu skólasamfélagsins.**
Íslensku og móðurmálskennsla tvítyngdra nemenda sé útfærð betur og fjölmenningarhefðir festar í sessi.
- **Að valgreinakennsla og samþætting í kennslunni sé útfærð frekar.**
- Sameiginlegt stórt listrænt verkefni með valgreinum unnið á vorönn með öllum aldursstigum.

Mikilvæg langtíamarkmið sem vinna þarf áfram að á næstu þremur árum.

*Að ljúka við næsta áfanga skólabyggingar .

*Að auka nemendafjölda skólans í allt að 150 nemendur.

*Að þróa skólanámskrá enn frekar með framtíðarsýn skólans í huga.

*Betri yfirsýn og skipulag innan stofnunarinnar.

*Vinna að því að menntun Waldorfkennara sé metin til réttinda af skólayfirvöldum.

Til að ná þessum markmiðum er nauðsynlegt að skólinn auki nemendafjölda sinn jafnt og þétt og að verkáætlanir standist.

